

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 1. desember 2022

Mál nr. S-494/2022:

Lögrelustjórinn á Suðurnesjum

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Sveinn Andri Sveinsson lögmaður*)

(*Ásta Björk Eiríksdóttir réttargæslumaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 11. október 2022, höfðaði lögrelustjórinn á Suðurnesjum með ákæru 28. febrúar 2022 á hendur ákærða, X [...]:

„fyrir umsáturseinelti, með því að hafa á tímabilinu frá 1. apríl 2021 til 10. október 2021, endurtekið hótad, fylgst með og sett sig í samband við fyrrverandi vinnufélaga sinn, A, kt. [...], gegn hennar vilja, bæði með tölvupóstum og skilaboðum í gegnum vefsíðuna bland.is, auk þess að hafa fylgst með henni m.a. fyrir utan heimili hennar. Hélt ákærði því margítrekað fram við A að hún hafi svikið sig um kynlíf og að hún ætti því m.a. að hafa vit á að vera annars staðar en hann það sem eftir er, að hún væri ómerkileg, að hún væri lygin, að hún væri heppin að hann væri bara reiður, að hún ætti eftir að sjá eftir því alla ævi að hafa svikið hann en einnig reyndi ákærði að fá A til að bæta fyrir það sem hann hélt fram að væru svik.

Var þessi háttsemi ákærða til þess fallin að valda hræðslu og kvíða hjá A.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 232. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.000.000,- ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. ágúst 2021 til þess dags er liðinn verður mánuður frá því að krafan er kynnt ákærða en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. IV. kafla laga nr. 38/2001, sbr.

9. gr. laganna, allt til greiðsludags. Þá er krafist hæfilegrar þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að viðbættum virðisaukaskatti, að mati dómara eða skv. síðar framlagðri tímaskýrslu.“

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Ákærði krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara krefst hann sýknu en til þrautavara að bætur verði stórlega lækkaðar. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun verjanda samkvæmt málskostnaðarreikningi.

I.

Samkvæmt skýrslu rannsakara hófst rannsókn lögreglu þegar brotþoli lagði fram kæru 28. september 2021 hjá lögreglunni á Suðurnesjum vegna umsáturseineltis sem hún kvaðst hafa orðið fyrir af hálfu ákærða á árinu 2021, auk þess sem hún óskaði eftir nálgunarbanni gagnvart ákærða. Brotþoli kvað þau ákærða hafa byrjað vinskáp í kringum áramótin 2018-2019, sem hafi þróast út í einhvers konar daður. Þau hafi átt sameiginlegan vin og öll þrjú unnið á sama vinnustað. Brotþoli kvað sér hafa fundist þetta óþægilegt, sérstaklega eftir að hún hafi komist að því að ákærði ætti konu og börn, og hætt samskiptum við ákærða í apríl 2020. Ári síðar hafi ákærði haft samband við hana í gegnum Bland en einnig áreitt brotþola með tölvupóstum og meðal annars rukkað hana um kynlíf, sem ákærði taldi brotþola skulda sér. Brotþoli kvaðst ítrekað hafa beðið ákærða um að láta sig í friði án árangurs. Brotþoli samþykkti að beitt yrði vægara úrræði en nálgunarbanni gagnvart ákærða, svokallaðri Selfossleið, en þá skrifar meintur sakborningur undir yfirlýsingu um að hafa ekkert samband við brotþola í allt að 12 mánuði frá undirritun.

Þann 30. september 2021 mætti ákærði til skýrslutöku. Ákærði kvaðst hafa sent brotþola skilaboðin sem lágu fyrir í málinu með tölvupóstum og í gegnum Bland, þar sem hann hafi meðal annars rukkað brotþola um kynlíf sem hann taldi brotþola hafa lofað sér. Kvað hann ástæðu skilaboðanna eftir ár án samskipta vera þá að hann hafi séð brotþola í verslun í [...] og snöggreiðst. Ákærði skrifaði undir yfirlýsingu um að koma ekki á eða vera við heimili brotþola og jafnframt að veita henni ekki eftirför, heimsækja eða vera með öðru móti í sambandi við hana, svo sem með símtölum, tölvupósti eða öðrum hætti í 12 mánuði frá undirritun. Ákærði kvaðst aldrei ætla að hafa samskipti við brotþola framar og að hún þyrfti ekki að óttast hann.

Lögmaður brotaþola sendi lögreglunni tölvupóst þann 11. október 2021 og greindi frá því að ákærði hafi sent brotaþola tölvupóst daginn áður, þar sem hann fari yfir málið og bjóði brotaþola greiðslu gegn því að hún falli frá kæru. Ákærði hafi tekið fram að hann langaði til að bjóða brotaþola sættir þótt hann mætti það kannski ekki. Óskaði lögmaður brotaþola eftir nálgunarbanni gagnvart ákærða.

Tekin var skýrsla af ákærða 12. október 2021 þar sem ákærða var birt ákvörðun lögreglustjóra um nálgunarbann. Tölvupóstur dagsettur 10. október 2021 var borinn undir ákærða, sem ákærði kvaðst hafa sent, þrátt fyrir að hafa skrifað undir yfirlýsingu þess efnis að hann muni láta af því að senda brotaþola skilaboð eða áreita hana á nokkurn hátt. Ákærði kvaðst vera með [...] og vera stundum svolítið fljótur á sér. Hann kvaðst hafa hugsað með sér að þetta gæti nú ekki verið svo slæmt og sent skilaboðin. Ákærði samþykkti ákvörðun lögreglustjóra um nálgunarbann.

Í málinu liggja fyrir 14 tölvupóstar og ein skilaboð á bland.is frá ákærða til brotaþola á tímabilinu 1. apríl til 10. október 2021 og fjórir tölvupóstar frá brotaþola til ákærða þar sem hún svarar ákærða á tímabilinu 5.-7. apríl 2021. Einnig skjáskot af skilaboðum ákærða til vitnisins B frá 12. október 2020. Meðal gagna málsins er staðfesting Bjarkarhlíðar um að brotaþoli hafi komið í viðtöl í september 2021. Einnig yfirlýsing dagsett 30. september 2021 undirrituð af ákærða þar sem hann skuldbindur sig til að koma ekki nálægt heimili brotaþola, veita henni ekki eftirför eða setja sig í samband við hana í 12 mánuði. Þá liggur fyrir ákvörðun lögreglustjóra 12. október 2021, árituð af ákærða, um nálgunarbann ákærða gagnvart brotaþola til 20. apríl 2022. Vitnin B og C gáfu lögregluskýrslu en ekki þykir ástæða til að rekja efni þeirra.

II.

Framburður ákærða, brotaþola og annarra vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa kynnst brotaþola á sameiginlegum vinnustað 2019 og þau stungið saman nefjum fram til fyrri hluta árs 2020 en þau hafi ekki verið í samskiptum frá þeim tíma til 1. apríl 2021. Ákærði kvaðst vera tíður gestur í næsta húsi við hús brotaþola, þar sem hann hafi verið að keyra dóttur sína til vinkonu sinnar og þá þurft að keyra í gegnum bílastæði við heimili brotaþola. Ákærði kvaðst hafa séð bifreið brotaþola fyrir utan og ályktað út frá því að brotaþoli byggi þarna. Hann hafi einnig skoðað bíla á Bland og séð auglýsingu frá brotaþola en svo séð brotaþola fyrir utan Nettó skömmu síðar og fundist hann vera búinn að sjá helst til of mikið af brotaþola. Hann hafi farið á

ja.is og fundið símanúmer brotþola en einnig séð skráð netfang hennar. Hann hafi fengið „þá snilldarhugmynd að senda henni eitthvað leiðindaskeyti“.

Ákærði staðfesti að hafa sent brotþola samskiptin sem liggja fyrir í málinu á því tímabili sem ákært er fyrir. Aðspurður um hvað hafi vakað fyrir ákærða með skilaboðunum kvað ákærði að togstreita milli sín, brotþola og B hafi setið illa í sér en brotþoli hafi sagt að hún gæti ekki verið með ákærða því að hún væri svo hrædd við B. Ákærði kvaðst hafa verið skotinn í brotþola og viljað hana. Ákærði var spurður um skilaboð send til B þar sem m.a. kemur fram: „... þú eyðilagðir fyrir mér kynlífið með A sem var svo marglofað og útilokað að hætta við. ... og þú verið alvöru vinur minn hefðirðu strax sagt henni að standa við marggefin loforð og hætta þessari þvælu. ... Endilega skilaðu til vinkonu þinnar að svikin munu sitja í mér alla ævi.“ Ákærði kvaðst hafa sent skilaboðin sem hafi verið skrifuð í reiðikasti en hann hafi augljóslega átt við að brotþoli hafi sagt við sig að hún gæti ekki verið með ákærða vegna B.

Ákærði var spurður hvort hann væri að tala um meint loforð um kynlíf í tölvupósti 1. apríl 2021 þar sem m.a. kemur fram: „Þegar ég er orðinn svona spenntur og þú búin að lofa mér þessu þá er ekkert aftur snúið engan vegin alls ekki bara.“ Játaði ákærði því og kvað þau brotþola hafa talað um fátt annað enda hafi greddan dregið þau saman. Ákærði kvaðst ekki geta útskýrt frekar ummæli sín aftar í sama tölvupósti svohljóðandi: „En ef þú vilt bæta fyrir svikin þá fer öll spennan úr því um leið og við getum orðið bestu vinir sem nokkurn tíma hafa verið til.“ Ákærði kvaðst hafa verið reiður, fundist hann illa svikinn og ósáttur við hvernig þetta endaði. Aðspurður hvort brotþoli hafi mátt skilja ummælin sem svo að ef hún stundaði kynlíf með ákærða myndi hann láta hana vera, kvaðst ákærði ekkert vita um það. Ákærði var spurður hvort honum hafi ekki dottið í hug að virða ósk brotþola um að láta sig í friði þegar hún svaraði ákærða með tölvupósti 5. apríl 2021 svohljóðandi: „Ég ætla að biðja þig um að láta mig í friði. Þetta áreiti og ofsóknir frá þér í minn garð eru ekki að bera neinn tilgang svo vinsamlegast láttu mig í friði.“ Ákærði kvað svo vera, en það hafi farið alveg öfugt ofan í sig þegar brotþoli hafi verið með eitthvert skynsemistal og sagt að hún hafi einfaldlega skipt um skoðun, þegar ákærði vissi að þau væru bæði jafn miklir skíthælar í þessum málum.

Aðspurður um tölvupóst 6. apríl 2021, þar sem segir m.a.: „Þetta var alveg harð lofað og harð ákveðið og útilokað að skifta bara um skoðun þetta voru fullkomin svik.“, kvað ákærði brotþola hafa haft rétt á að skipta um skoðun. Þarna hafi verið þessi togstreita sem hann hafi áður talað um en það hafi verið auðveldara að hugsa ekki rökrétt.

Spurður hverju brotþoli hafi mátt eiga von á ef hún hitti ákærða vegna skilaboða, einnig send 6. apríl 2021, svohljóðandi: „Mundu bara það sem ég sagði þér ef ég þarf ekki að sjá þig þá færðu frið fyrir mér það stendur!“, kvaðst ákærði hafa verið reiður og búinn að sjá heldur mikið af brotþola á stuttum tíma. Aðspurður hvað ákærði hafi átt við í tölvupósti 12. júní 2021, þar sem fram kemur að ákærði geri ráð fyrir að brotþoli hafi blokkað sig og ákærði sé búinn að bjóða henni að bæta fyrir svikin sem hún sitji uppi með alla ævi, kvað ákærði það hafa verið reiðilestur af sama meiði og annað. Aðspurður um tölvupóst 24. júlí 2021 þar sem ákærði talar um að hafa séð brotþola á tjaldsvæði og hann hafi verið kominn að því að hella sér yfir hana fyrir framan foreldra hennar, kvaðst ákærði hafa sent tölvupóstinn í „hálfgerðum kvikindisskap“ því að brotþoli hafi verið að spila sig fórnarlamb ótal sinnum og takist það ef til vill einu sinni enn. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa vitað að brotþoli væri í útilegu á þessum stað, hann hafi farið þangað fyrir tilviljun en verið á leið til [...].

Aðspurður um tölvupóst 26. ágúst 2021, þar sem ákærði tali enn og aftur um að brotþoli eigi eftir að sjá eftir því alla ævi að svíkja hann og að hún hafi enn tækifæri til að bæta fyrir svikin, kvað ákærði skilaboðin ekki hafa verið eðlileg frekar en annað í málinu. Það hafi farið alveg öfugt ofan í hann þegar brotþoli hafi verið með eitthvert réttlætistal í þessum málum þegar hann viti hvernig hún er. Ákærði kvaðst aðspurður hafa verið giftur á þessum tíma og spurður um það hvort honum þætti eðlilegt að rukka einhvern um kynlíf, sem ákærði teldi sig eiga rétt á, kvað ákærði þetta allt vera kolrangt. Ákærði kvað aðspurður að eftir á að hyggja hefði auðvitað verið betra að láta brotþola í friði, „en svona er þegar maður er sár og reiður“.

Ákærði kvaðst hafa sent tölvupóst 10. október 2021 því að hann hafi hugsað með sér að yrði dómsmál úr þessu rugli hlyti sannleikurinn að koma í ljós, hann hafi ekki langað sérstaklega til þess og hafi haldið að brotþola langaði ekki til þess heldur. Aðspurður hvort skilaboð í tölvupóstum og á bland.is hafi haft þann tilgang að valda brotþola hræðslu eða kvíða, kvaðst ákærði ekki halda það en að brotþoli væri hrædd manneskja yfirleitt, þetta hafi bara verið reiðilestur. Spurður nánar um tölvupóstinn 10. október kvaðst ákærði hafa áttað sig á því að það hafi átt að bola sér úr vinnunni. Hann hafi því sagt sínum yfirmanni frá málinu sem hafi sagt við ákærða að hann yrði að reyna að ná sáttum. Því kvaðst ákærði hafa sent þessi skilaboð, reynt að leggja spilin á borðið og skrifað þannig að brotþoli vissi hvað hann ætti við. Aðspurður hvort ákærði hafi ekki gert sér grein fyrir því undir hvað hann var að skrifa nokkrum dögum áður, um að hafa

ekki samband við brotþola, kvað ákærði þetta hafa verið upplognar ásakanir, kannski hafi brotþoli haldið að ákærði hafi verið að elta hana en hann hafi verið þarna í öðrum tilgangi og ekki verið hræddur við það.

Brotþoli kvaðst hafa kynnst ákærða í vinnunni en ákærði hafi síðan haft samband með skilaboðum vegna sameiginlegs vinar og vinskapur skapast út frá því. Þau hafi hætt samskiptum í apríl 2020 vegna þess að sér hafi ekki líkað í hvaða farveg þau voru komin og hafi verið orðin hrædd. Hún hafi verið búin að loka á ákærða í síma og á samfélagsmiðlum auk þess að skipta um símanúmer en svo hafi ákærði orðið sér úti um netfang brotþola. Fyrst hafi hún svarað ákærða og beðið hann um að láta sig í friði en ákærði ekki sinnt því. Brotþoli kvaðst aðspurð hafa verið hrædd meðan á þessu stóð, sér hafi liðið mjög illa, hvergi upplifað sig örugga og alltaf hafa verið með í maganum þegar hún hafi fengið tölvupósta. Brotþoli kvað öll samskipti samkvæmt ákæru hafa verið gegn sínum vilja. Brotþoli kvaðst aðspurð hafa verið í útilegu með foreldrum sínum og syni sumarið 2021, séð húsbíl en ekki áttað sig á að ákærði ætti hann. Hún hafi síðan séð ákærða sem hafi setið fyrir framan húsbílinn langt fram eftir degi og horft yfir til sín og fjölskyldu sinnar sem brotþola hafi þótt óþægilegt.

Aðspurð um ummæli í tölvupóstum um að brotþoli geti bætt fyrir svikin og hvernig upplifun hennar hafi verið við að fá slíka tölvupósta kvað hún hana hafa verið mjög skrýtna. Henni hafi ekki fundist ákærði hafa verið svikinn, hún líti svo á að fólk hafi ákvörðunarrétt í þessum málum, hvort sem það haldi sínu striki eða skipti um skoðun. Brotþoli kvaðst ekki beint hafa skipt um skoðun, sér hafi alltaf þótt þetta mjög óþægilegt. Aðspurð hvort ákærði hafi verið að reyna að þvinga brotþola til kynlífs kvað brotþoli svo hafa verið. Þegar slíkt væri ítrekað sagt í marga mánuði væri ekki um annað að ræða en þvingun. Hún hafi verið búin að biðja ákærða ítrekað um að láta sig í friði.

Aðspurð um líðan sína í dag kvað brotþoli hana vera svipaða, hún og ákærði byggju í sama bæjarfélagi, hún væri mjög vör um sig þegar hún færi í búð og kvaðst helst ekki fara í búð í sínu bæjarfélagi, auk þess að læsa hurðum á bílnum þegar hún keyri um. Þetta hafi haft mikil áhrif á líf hennar og geri enn í dag. Aðspurð um það hvað brotþola hafi þótt verst í tölvupóstsamskiptum ákærða kvað hún það hafa verið þegar hafi komið óljósar setningar eins og: „Það er best fyrir þig að vera ekki einhvers staðar þar sem ég er í framtíðinni.“ Brotþoli kvaðst aðspurð hafa upplifað hluta þessara skilaboða sem hótanir og að hún vissi ekki hvernig hún ætti að skilja þau öðruvísi. Aðspurð hvaða önnur áhrif framkoma ákærða hafi haft á daglegt líf brotþola kvaðst brotþoli hafa upplifað

sig örugga þar til hún hafi séð ákærða keyra fram hjá heimili hennar í fyrsta sinn en þá hafi sú öryggistilfinning horfið. Brotapoli kvað ákærða hafa keyrt fram hjá heimili hennar og þar á meðal þegar hún var með fermingarveislu fyrir son sinn 1. apríl 2021 en kvaðst ekki muna hversu oft. Brotapoli kvaðst ekki vita hvort einhver hafi verið með ákærða í bílnum. Aðspurð hvort brotapolí hafi leitað sér aðstoðar hjá fagaðilum kvaðst hún hafa farið í samtal hjá Bjarkarhlíð og fengið aðstoð þar til að gera eitthvað varðandi þessa hræðslu varðandi tölvupóstana. Hún hafi leitað þangað einvörðungu vegna þessa máls.

Vitnið B kvaðst hafa kynnst brotapolá og ákærða á sameiginlegum vinnustað, en hann hafi þekkt ákærða frá 2015. Vitnið kvaðst kannast við skilaboð til sín frá ákærða en muni ekki hvenær þau hafi verið send. Ákærði hafi sent vitninu skilaboð nokkrum mánuðum eftir að hann sleit sambandinu við vitnið og vildi að vitnið kæmi sér í samband við brotapolá. Brotapoli hafði skipt um símanúmer og skilaboðin hafi verið send eftir það. Aðspurður um hvað ákærði hafi átt við kvað vitnið það vera ljóst af skilaboðunum að ákærði hafi talið vitnið hafa komið í veg fyrir kynlíf hjá ákærða. Ákærði hafi verið að tala um kynlíf þegar hann tali um loforð. Vitnið kvað báða aðila hafa rætt þetta við sig og að hegðun ákærða hafi verið óeðlileg gagnvart brotapolá en þetta hafi virst snúast um kynlíf fyrst og fremst. Brotapola hafi liðið illa með þetta og hún hafi verið hrædd við ákærða vegna þessa meinta kynlífs. Ákærði hafi verið mjög reiður út í brotapolá. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í neinu sambandi við ákærða síðan þeir slitu sambandi og lítið við brotapolá en kvaðst hafa heyrt í henni í síðustu viku.

Vitnið C kvaðst þekkja brotapolá og ákærða frá sameiginlegum vinnustað. Vitnið kvaðst lítið vita um samskipti þeirra utan eitt tilvik þegar brotapolí hafi komið til sín í mikilli geðshræringu eftir að flestir starfsmenn voru farnir. Vitnið kvaðst halda að það hafi verið fyrir eða í kringum Covid. Brotapoli hafi sagt sér að hún hafi hitt ákærða sem hafi hótad henni en brotapolí hafi sagt að þau hafi verið saman eftir einhvern fögnuð hjá fyrirtækinu. Ákærði hafi sagt að brotapolí mætti ekki segja neinum frá því sem hefði gerst á milli þeirra. Vitnið kvaðst hafa viljað tilkynna atvikið en brotapolí hafi ekki viljað það. Vitnið kvaðst hafa minnst á þetta við brotapolá nokkrum sinnum en hún hafi ekki viljað tilkynna málið. Eftir þetta kvaðst vitnið hafa séð til þess að brotapolí væri aldrei ein með ákærða.

Rannsóknarlögreglumaður nr. D kvaðst hafa tekið kæruskýrslu af brotapolá, auk þess að taka skýrslur af vitnum og sakborningi málsins. Tölvupóstar hafi verið sendir

lögreglu af lögmanni brotaþola. Vitnið kvað aðspurt ekki hafa verið rannsakað hvort ákærði hafi getað átt erindi í næsta hús við hús brotaþola.

Lögreglumaður nr. E kvaðst staðfesta að hafa ritað upp framburðarskýrslur í málinu en ekki komið að því að öðru leyti.

III.

Forsendur og niðurstaða

Ákærði er ákærður fyrir umsáturseinelti gagnvart brotaþola á tímabilinu 1. apríl 2021 til 10. október sama ár, en ákærði hafi endurtekið hótáð, fylgst með og sett sig í samband við brotaþola gegn hennar vilja, bæði með tölvupóstum og skilaboðum gegnum vefsíðuna bland.is auk þess að hafa fylgst með henni, m.a. fyrir utan heimili hennar. Háttsemi ákærða hafi verið til þess fallin að valda hræðslu og kvíða hjá brotaþola. Í ákæru er brot ákærða talið varða við 232. gr. a í almennum hegningarlögum. Samkvæmt ákvæðinu varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum að endurtekið hótá, elta, fylgjast með, setja sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti sitja um annan mann og háttsemin er til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða.

Ákærði neitar sök. Hann viðurkennir að hafa sent þau skilaboð sem ákært er fyrir og að hann hafi þar meðal annars verið að tala um kynlíf sem hann taldi brotaþola hafa lofað sér en svikið sig um. Ákærði kvaðst hafa verið ósáttur við það hvernig samskipti sín og brotaþola hafi endað og fundist hann illa svikinn. Ákærði kvað það vera mjög rangt að halda því til streitu að innheimta kynlíf sem hann hafi talið sig eiga rétt á en hann hafi verið svo reiður. Af málsgögnum og því sem fram hefur komið við aðalmeðferð málsins má ráða að ákærði og brotaþoli hafi verið í miklum samskiptum á árunum 2019 og 2020 þar sem kynlíf hafi verið rætt en ekki orðið af því og brotaþoli hafi endað þau samskipti. Jafnframt liggur fyrir að ákærði hafi stuttu síðar hótáð brotaþola það alvarlega að yfirmaður hennar kom að henni grátandi en brotaþoli vildi ekki tilkynna um það til yfirmanna. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að brotaþoli hafi 5. apríl 2021 svarað fyrsta tölvupósti ákærða á því tímabili sem ákært er fyrir, þ.e. 1. apríl 2021, og beðið ákærða um að láta sig í friði og að hún upplifi samskiptin sem áreiti og ofsóknir af hálfu ákærða. Einnig liggur fyrir að brotaþoli svaraði þremur tölvupóstum til viðbótar en aðeins til að biðja ákærða um að hætta að hafa samband, síðast 7. apríl 2021.

Eins og að framan er rakið er það skilyrði 232. gr. a að endurtekin háttsemi sé til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða. Kom fram hjá brotaþola að hún hafi lokað á ákærða í síma og á samfélagsmiðlum við lok samskipta þeirra í apríl 2020 vegna þess að

henni hafi ekki líkað í hvaða farveg þau voru komin og hún orðin hrædd. Ákærði hafi orðið sér úti um netfang hennar ári síðar og sent brotþola endurtekna tölvupósta í óþökk hennar sem brotþoli kvaðst ekki hafa getað skilið örðuvísi en hótanir. Brotþoli kvaðst hafa verið hrædd, sér hafi liðið mjög illa, hvergi upplifað sig örugga og alltaf hafa verið með í maganum þegar hún hafi fengið tölvupóst. Brotþoli kvað sér hafa þótt verst þegar ákærði hafi sent óljósar setningar eins og til dæmis: „Það er best fyrir þig að vera ekki einhvers staðar þar sem ég er í framtíðinni.“ Brotþoli kvaðst hafa upplifað sig örugga þótt hún hefði flutt til baka í sama bæjarfélag og ákærði en öryggistilfinningin hafi horfið þegar hún hafi séð ákærða keyra fram hjá heimili hennar í fyrsta sinn, sem hún kveður hafa verið sama dag og ákærði sendi fyrstu skilaboðin samkvæmt ákæru.

Ákærði byggir sýknukröfu sína á því að ekki hafi falist hótanir í tölvupóstunum. Hegðun ákærða hafi ekki falið í sér síendurtekin friðhelgisbrot gagnvart brotþola eins og áskilið sé í 232. gr. a í almennum hegningarlögum. Hlutrænt séð hafi skilaboðin alls ekki verið almennt til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða en við það mat skipti forsaga ekki máli enda ekki ákært fyrir það tímabil. Aðeins hafi verið um að ræða óviðeigandi skilaboð en í þeim hafi alls ekki falist nein þvingun eða hótanir í garð brotþola. Þá sé það alls ósannað að ákærði hafi verið að fylgjast með brotþola fyrir utan heimili hennar. Ákærði hafi skýrt frá því við skýrslutöku að hann hafi þurft að keyra fram hjá heimili brotþola til að keyra dóttur sína til vinkonu sinnar. Lögregla hafi hins vegar alls ekkert rannsakað þann þátt málsins en hefði það verið gert hefði verið leitt í ljós hvernig atvikum hafi verið háttað.

Ákærði sendi brotþola fjórtán skilaboð með þrettán tölvupóstum og einum skilaboðum á bland.is á tímabilinu 1. apríl til 26. ágúst 2021. Flest skilaboðin fjalla um að brotþoli hafi lofað ákærða kynlífi og svikið það loforð en það hafi hún ekki haft heimild til að gera, í nokkrum skilaboðum kemur einnig fram að brotþoli geti losnað við ákærða með því að efna það loforð auk þess sem brotþoli er ásökuð um að vera lygin og ómerkileg auk fleiri ásakana. Ákærði sendi vitninu B einnig skilaboð þar sem ákærði heldur því fram að vitnið hafi átt að segja brotþola að standa við gefin loforð en samkvæmt lögregluskýrslu voru þau send í október 2020. Í tvennum skilaboðum ákærða er gefið í skyn að eitthvað geti hent brotþola verði hún á vegi ákærða, en upplifun brotþola var að þau skilaboð hefðu verið einna verst. Er þar um að ræða skilaboð í gegnum bland.is þann 4. apríl 2021 þar sem segir m.a.: „Er best fyrir þig að hafa vit á því að vera einhversstaðar allt annarstaðar en ég er það sem eftir er og ég ætla rétt að

vona að ég þurfi aldrei að sjá þig aftur.“ Skilaboð ákærða 6. apríl 2021 voru sama marki brennd en þar segir m.a.: „Mundu bara það sem ég sagði þér ef ég þarf ekki að sjá þig þá færðu frið fyrir mér það stendur!“ Þá var ákærði enn að senda brotþola skilaboð þar sem hann er að innheimta meint loforð 26. ágúst 2021 en þar segir: „Þú átt heldur betur eftir að sjá eftir því alla ævi að svíkja mig. Ég geri hvað sem er fyrir vini mína. En ef ég er illa svikinn er það ekki aftur tekið. Þú hefur samt enn tækifæri á að bæta fyrir svikin og þetta rugl sem þú bjóst til er endanlega úr sögunni. Það veist þú vel.“ Brotþoli kærði ákærða í kjölfarið vegna umsáturseineltis og óskaði eftir nálgunarbanni. Ákærði viðurkenndi hjá lögreglu að hafa sent brotþola skilaboðin og skrifaði undir yfirlýsingu 30. september 2021 þess efnis að setja sig ekki í samband við eða nálgast brotþola næstu 12 mánuði. Aðeins tíu dögum síðar hafði ákærði samband við brotþola með tölvupósti 10. október 2021. Þar kemur fram að ákærði geri sér grein fyrir að hann megi ekki vera í sambandi við brotþola en þrátt fyrir það rekur hann málið og segir m.a.: „Sáttin felst í því að við séum sammála um það sem ég sagði fyrst hérna. Ég biðst auðvitað afsökunar. Borga þér 100 þúsund fyrir að ráðast að þér ösku reiður í vinnunni rétt áður en þú hættir og þú brotnar niður og ferð að gráta fyrir framan vinnufélagana. Það var auðvitað niðurlægjandi Það var að vísu ekki ætlunin en algerlega mér að kenna. Ég borga þér 200 þúsund fyrir þessar ömurlegu skeyta sendingar í vor og sumar sem pottþétt ullu þér hugarangri.“

Ákvæði 232. gr. a var bætt við almenn hegningarlög með lögum nr. 5/2021 sem tóku gildi 12. febrúar 2021. Í almennum athugasemdum með frumvarpi til laganna kemur fram að notað sé orðið umsáturseinelti sem þyki nokkuð lýsandi fyrir þann verknað að „sitja um“ manneskju í óþökk hennar og valda þannig hræðslu eða kvíða. Geti „umsátrið“ gengið svo langt að manneskja sem það beinist að upplifi ógn og skelfingu sem skerða lífsgæði hennar. Þá segir svo meðal annars í athugasemdum um ákvæðið sjálft: „Umsáturseinelti er hægt að hafa í frammi með ólíkum aðferðum sem seint verða tæmandi taldar. Þær algengustu eru taldar upp en orðin „eða með sambærilegum hætti“ eiga að tryggja að aðrar aðferðir sem beitt er og eru til þess fallnar að valda öðrum hræðslu eða kvíða falli undir ákvæðið. Aðferð sem beitt er við umsáturseinelti þarf ekki að fela í sér sjálfstæðan refsiverðan verknað heldur getur hegðun sem ein og sér er ekki refsiverð orðið það ef hún er endurtekin. Háttsemin getur falist í því að fylgja eftir eða elta annan mann ítrekað, koma á samskiptum eða sambandi við annan mann í óþökk hans eða með því að láta annan mann vita að fylgst sé með honum. Í þessu felst t.d. að mæta

í eigin persónu á vinnustað annars manns eða stað þar sem hann stundar íþróttir eða nám eða sinnir áhugamálum sínum eða fylgja honum eftir í netheimum, svo sem á spjallborðum eða netsamfélagsmiðlum.“

Eins og sjá má af framangreindu er með ákvæði 232. gr. a í almennum hegningarlögum stefnt að því að ná yfir tilvik sem ekki þurfa að fela í sér hótanir heldur eru til þess fallin vegna endurtekningar að valda hræðslu og kvíða hjá viðtakanda. Er ákvæðinu ætlað að verja einstaklinga gegn því að þurfa að þola endurtekið að annar einstaklingur hafi samband í óþökk viðtakanda með svívirðingum eins og hér háttar. Í hluta skilaboða ákærða fólust að mati dómsins auk þess annars vegar hótanir um að brotþoli mætti búast við að ákærði héldi áfram uppteknum hætti nema hún myndi standa við meint loforð um kynlíf með ákærða og hins vegar óljósar hótanir um að það gæti komið sér illa fyrir brotþola að vera á sama stað og ákærði. Efni skilaboðanna er þess eðlis að ætla mætti að ákærði hafi ekki verið þátttakandi í íslensku samfélagi þar sem fátt hefur fengið meiri umfjöllun en kynfrelsi einstaklinga, ekki síst kvenna, og að það teljist vera nauðgun í skilningi 194. gr. almennra hegningarlaga ef ekki er tekið tillit til þess þegar samþykki til kynmaka er dregið til baka, á hvaða stigi þeirra sem er, hvað þá ef beitt er hótunum í því skyni. Er það mat dómsins að skilaboð af þessu tagi í óþökk viðtakanda séu almennt til þess fallin að valda hræðslu og kvíða auk þess að fela í sér friðhelgisbrot, án tillits til þess hvort þau verði talin fela í sér hótanir eða ekki. Er að mati dómsins augljóst af skilaboðunum að ákærði lét sér í léttu rúmi liggja þótt brotþoli hafi gefið ítrekað skýrt til kynna að skilaboðin fælu í sér áreiti og ofsóknir, enda kemur fram í tölvupósti ákærða 10. október að skilaboð hans um vorið og sumarið hafi án efa valdið brotþola hugarangri. Svo einbeittur var brotavilji ákærða að hann setti sig enn og aftur í samband við brotþola, aðeins tíu dögum eftir að hafa skrifað undir yfirlýsingu hjá lögreglu um að hafa ekkert samband við brotþola næstu 12 mánuði.

Að mati dómsins er ekki dregið í efa að brotþoli hafi séð ákærða fyrir utan heimili sitt miðað við framburð ákærða sjálfs, sem kvaðst hafa ekið fram hjá heimili brotþola margoft með dóttur sína til vinkonu hennar. Er heldur ekki dregið í efa að það hafi svipt brotþola öryggistilfinningu eins og hún lýsti fyrir dómi. Hins vegar var þessi þáttur ákæru sem lýtur að því að ákærði hafi fylgst með brotþola fyrir utan heimili hennar ekkert rannsakaður af hálfu lögreglu en þar stendur orð gegn orði. Verður ákærði því sýknaður af þessum hluta ákærunnar. Að öðru leyti metur dómurinn það svo að með tölvupóstum og skilaboðum tímabilið 1. apríl 2021 til 10. október 2021 hafi ákærði

endurtekið hótað og sett sig í samband við brotþola gegn hennar vilja og háttsemin verið til þess fallin að valda brotþola hræðslu og kvíða eins og lýst er í ákæru. Að framangreindu virtu telur dómurinn sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru og er brot ákærða þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

IV.

Í ákæru er getið um miskabótakröfu brotþola að fjárhæð 1.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gegn brotþola og ber því bótaábyrgð vegna miska á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eins og fram hefur komið að framan hefur háttsemi ákærða valdið brotþola mikilli vanlíðan, en hún lýsti áhrifum þeirra með trúverðugum hætti á daglegt líf sitt fyrir dómi. Engum gögnum er til að dreifa í málinu um áhrif brotanna á brotþola en fyrir liggur vottorð Bjarkarhlíðar um komur brotþola í september 2021. Í þessu sambandi skal áréttað að ákærði taldi sjálfur að brotþoli ætti rétt á miskabótum að fjárhæð 200.000 krónur sem hann bauð brotþola vegna skilaboða samkvæmt ákæru auk 100.000 króna til viðbótar vegna háttsemin sem ekki er ákært fyrir, gegn því að falla frá kæru. Að teknu tilliti til framangreinds og þess að brot af þessu tagi eru almennt til þess fallin að valda miska, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 600.000 krónur.

Bótakrafa var birt fyrir ákærða við þingfestingu málsins 25. apríl 2022 og breytti réttargæslumaður kröfugerð við aðalmeðferð um upphafstíma dráttarvaxta til samræmis við það auk þess að gera kröfu um vexti frá þeim degi er ákærði sendi síðast tölvupóst til brotþola þann 10. október 2021.

V.

Ákærði er fæddur [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 1. mars 2022, hefur hann ekki sætt refsingu. Auk framangreinds verður litið til þess við ákvörðun refsingar að háttsemi ákærða olli brotþola vanlíðan, sbr. 1. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af framangreindu og sakarefni málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, skilorðsbundin eins og í dómsorði greinir.

Á grundvelli sakfellingar ákærða, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður honum gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, sem var ekki verjandi ákærða á rannsóknarstigi, sem að virtu umfangi máls og með hliðsjón af fyrirbyggjandi tímaskýrslu þykir hæfilega

ákveðin 1.004.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærða verður einnig gert að greiða þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 781.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk 16.428 króna í aksturskostnað. Af hálfu ákæruvaldsins kom fram við aðalmeðferð að skráður kostnaður vegna meðferðar málsins næmi 31.340 krónum. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu til stuðnings þeirri kröfu og verður ákærði af þeim sökum sýknaður af henni.

María Thejll héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Gætt hefur verið að ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 600.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. október 2021 til 25. apríl 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, 1.802.028 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 1.004.400 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, 781.200 krónur, og aksturskostnað réttargæslumanns, 16.428 krónur.

María Thejll